Stúdentaráð Háskóla Íslands

# Framkvæmdaáætlun Fjölskyldunefndar SHÍ 2023-2024

## Endurskoðun Menntasjóðs haustið 2023

Helstu áherslur:

- Að foreldri eigi rétt á barnastyrk á meðan það þiggur námslán óháð námsárangri eða úrsögn áfanga.
- Foreldrum sé mögulegt að fá framfærslulán í 10 mánuði vegna sumarfrís menntastofnanna.
- Rýmka skuli heimildir til þess að taka námshlé vegna barneigna.
- Að vextir af lánum geta fallið niður tímabundið í tilviki barna.

## Leikskóla og gæslumál

*SHÍ leggur áherslu á jafnan aðgang allra barna stúdenta Háskóla Íslands að leikskólum FS.*

| | |
|---|---|
| Mótframlag sveitarfélaga | ● Taka saman hvaða sveitarfélög hafa bestu mótframlögin fyrir stúdenta. |
| Kanna forgangsröðun umsókna um leikskólavist á leikskólum FS | ● Nauðsynlegt er að kanna hvernig leikskólaplássum er forgangsraðað.<br>● Einstæðir foreldrar í námi eða báðir foreldrar í námi<br>● Setja börn foreldra á stúdentagörðum og námslánum í forgang þegar kemur að úthlutunum leikskólaplássa. |
| Sveigjanlegri vistunartími leikskóla FS í prófatíð og sumarfríi | ● Kanna möguleika á auka vistunartíma í prófatíð fyrir börn á leikskólum FS.<br>● Vinna að því að leikskólar FS bjóði upp á sveigjanlegra sumarfrí. |

## Húsnæðismál Háskóla Íslands

*SHÍ leggur áherslu á að Háskóli Íslands tryggi góða aðstöðu fyrir foreldra, sem þurfa að taka börnin sín með sér í skólann og að Háskóli Íslands verði fjölskylduvænn vinnustaður.*

| | |
|---|---|
| Skiptiaðstaða | ● Fylgja því eftir að skiptiaðstaða sé ásættanleg í öllum helstu byggingum háskólans.<br>● Skiptiborð sé að finna á ókynmerktum salernum.<br>● Tryggja að upplýsingar um hvar hægt sé að finna skiptiaðstöðu í byggingum háskólans séu til á aðgengilegum stað. |
| Fjölskylduvæn lesherbergi | ● Kanna hvort að möguleiki sé að hafa lesrými fyrir fjölskyldur í einhverjum byggingum háskólans. |
| Matarstólar fyrir börn í byggingum Háskólans. | ● Tryggja þarf aðgengi að barnastólum í helstu byggingum háskólans.<br>○ Ágætt viðmið er að til séu tveir stólar fyrir yngri börn með öryggisfestingu. |
| Gjafa - og skiptiherbergi | ● Kanna hvort að hægt sé að koma á gjafa- og skiptiherbergi í helstu byggingum háskólans. Það myndi koma til móts við foreldra ungra barna sem þurfa næði til að geta sinnt þörfum barna sinna. |
| Barnamatur í Hámu | ● Kanna hvort að það sé möguleiki á að fá barnamat í Hámu. |

## Stúdentagarðar fyrir fjölskyldur

| | |
|---|---|
| Uppbygging fjölskyldugarða í Skerjafirði | ● Fylgja eftir uppbyggingu fjölskyldugarða. |
| Forgangsröðun fjölskyldna á stúdentagörðunum | ● Kanna hvernig forgangsröðun fjölskyldna á stúdentagörðunum sé. |

# Kennslumál

*Fjölskyldunefnd vill að það sé skilyrði að kennslustundir séu teknar upp, þetta veitir jafnt aðgengi allra að námi og er í takt við jafnréttisstefnu háskólans.*

| | |
|---|---|
| Fella niður skyldumætingu | ● Fara yfir í hvaða deildum er skyldumæting eftir 16:00 á daginn. Vera í samstarfi við sviðsráð þeirra sviða og þrýsta á að þessir tímar verði annaðhvort færðir eða eða skyldumæting verði felld niður.<br>● Foreldrar hafi forgang á að kynna/flytja verkefni sín fyrir klukkan 16:00 eða þeim stendur til boða að senda inn rafræn skil. |
| Upptökur á tímum | ● Fjölskyldunefnd telur að upptökur að fyrirlestrum jafni stöðu þeirra til að sinna námi sínu.<br>○ Nemendur eigi þann kost að gera samning við kennara um að þeir hafi aðgang að upptökunni ef nemandi kemst ekki í tíma vegna óviðráðanlegra aðstæðna sem foreldri. Það ætti að tryggja jafnréttis til náms. |
| Verkefnaskil og próf í kennslutímum eftir 16:00 á virkum dögum og um helgar séu afnumin. | ● Skil á verkefnum í tímum eða próftaka eftir 16:00 á virkum dögum eða um helgar í húsnæðum HÍ er ósanngjarnt og gerir foreldrum erfitt fyrir að sinna heimili og námi sínu.<br>● Próf sem ekki eru í prófatíð séu að mestu rafræn og að nemendum standi til boða að velja á hvaða tímum þeir taka prófið. Prófskilagátt sé t.d. milli 10 - 00 en nemandi fær bara 2 klst frá því hann opnar próf þar til það skilast sjálfkrafa. |

# Fjölskylduvænir viðburðir

*Nemendur með fjölskyldur hafa oft minni tök á því að sækja viðburði tengda Háskóla Íslands og því vill SHÍ leggja áherslu á að viðburðir séu í boði fyrir alla.*

| | |
|---|---|
| Viðburður á Októberfest | ● Fjölskylduskemmtun SHÍ vegna Októberfest. |
| Fjölskyldubíó | ● Hafa barnabíó a.m.k. einu sinni á önn fyrir foreldra og börn á stúdentakjallaranum. |
| Skiptimarkaður | ● Swap markaður í okt/nóv þar sem fólki gefst tækifæri til að koma með hluti, föt og dót til að selja eða skipta. Mögulegt samstarf við Umhverfis- og samgöngunefnd SHÍ. |
| Jólaball | ● Halda jólaball fyrir starfólk og nemendur í samstarfi við mannauðssvið HÍ |
| Páskaviðburður | ● Páskaeggjaleit á háskólasvæðinu fyrir fjölskyldur. |
| Fjölskylduplokk | ● Skipuleggja fjölskylduplokk í samstarfi við Umhverfis- og samgöngunefnd SHÍ. |

## Starf á vegum Fjölskyldunefndar SHÍ

*Í staðinn fyrir einstaka viðburði viljum við hafa skipulagt starf allt árið.*

| | |
|---|---|
| Íþróttaskóli SHÍ | ● Halda Íþróttaskóla SHÍ í samstarfi við framkvæmdarstjóra SHÍ á haustönn og vorönn. |

## Samfélagsmiðlar

| | |
|---|---|
| Facebook hópur fyrir foreldra í námi við HÍ | ● Endurvekja Facebook hóp fyrir foreldra í námi sem var stofnaður 2021.<br>○ Fá nemendafélög og leikskóla FS til þess að benda á hópinn svo að foreldrar viti af honum. |

| | |
|---|---|
| Facebook og Instagram | ● Halda uppi virkni á samfélagsmiðlum til að auðvelda fylgjendum að hafa samband<br>● Hafa ýmsa fróðleiksmola yfir starfsárið, t.d. hvar hægt sé að finna leiksvæði nálægt háskólanum o.s.frv. |